

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Reykjavík 19. nóvember 2018

Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um eftirlit með skipum 47/2003 (stjórnvaldssektir). 188. mál. Kemur í stað fyrri umsagnar um sama málefni dagsett 20. febrúar 2018.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telji nauðsynlegt að mæla fyrir um stjórnsýsluviðurlög til viðbótar ákvæði um farbann. „Er það mat ráðuneytisins að stjórnvaldssektir séu skilvirkasta úrræðið í þessum efnum.“

Reynsla LS af stjórnvaldssektum sem kveðið er á um í lögum um stjórn fiskveiða er sú að ferlið tekur of langan tíma, en þar er vitnað til þess að kærufrestur er þrjú mánuðir. Áður en sá tími byrjar að telja hafa átt sér stað töluverð samskipti milli meints brotaþola og Samgöngustofu. LS telur af þeim sökum að kærufrestur verði stytur.

Í 3. mgr. 1. gr. er kveðið á um að Samgöngustofu sé heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti. LS telur ekki rétt að ákvæðið verði matskennt „heimilt“, heldur verði skýrt kveðið á um að sektir vegna slíkra brota verði tvöfalt margfeldi af þeim tekjum sem aðili hefur aflað sér með brotinu.

Það er skoðun LS að ákvæði frumvarpsins eigi ekki að taka til staflíða sem lúta opinberu eftirliti og úttekt skoðunarstofa auk ábyrgðar skipstjóra sem kveðið er á um í III. kafla siglingalaga, L. 34/1985. Refsiramma verði óbreyttur – farbann. Þeir staflíðir sem hér um ræðir eru b, d, f og i:

b. 3. gr. um smíði, búnað, mengunarvarnir skipa o.fl.

„3. gr. Smíði, búnaður, mengunarvarnir skipa o.fl.

Hvert skip skal smíðað og búið út á þann hátt að öryggi mannlífa sé tryggt eins og kostur er og með tilliti til þeirra verkefna sem því er ætlað á hverjum tíma.

Skip skal fullnægja skilyrðum reglna á hverjum tíma um smíði, búnað og örugga starfsemi skips, þ.m.t. um burðarvirki þess, vatnspétta niðurrhólfun, lagnakerfi, bol, björgunar- og öryggisbúnað, vélbúnað, fjarskiptabúnað, rafbúnað, eldvarnabúnað, mengunarvarnabúnað, siglingatæki, merkingar, lyf og læknisáhöld og annan búnað og mönnun sem varðar öryggi skipsins til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips og farms og varnir gegn mengun frá skipum.

Vinnusvæði og vistarverur skipverja skal hanna og búa með hliðsjón af öryggi og velferð skipverja.

- Ráðherra ákveður nánar í reglugerð 1) um smíði, stöðugleika, hleðslumerki og búnað skipa.
- Ráðherra ákveður í reglum hvaða lög, stjórnvaldsfyrirmæli, skírteini og skipsbækur skuli vera um borð í skipum.
- Skip skulu smíðuð og búin í samræmi við lög og reglur um varnir gegn mengun sjávar og stranda.“

d. 6. gr. um nýsmíði skipa:

„Nýsmíði skipa er háð eftirliti [Samgöngustofu] 1) í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Þar sem þær ná ekki til skulu ekki gerðar vægari kröfur en gerðar eru af viðurkenndum flokkunarfélögum um smíði skipa. Eigandi skips skal tilkynna [Samgöngustofu] 1) um smíðina. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur að sér smíði skips senda [Samgöngustofu] 1) smíðalýsingu, teikningar og önnur þau gögn sem [forstjóri Samgöngustofu] 1) telur nauðsynleg vegna eftirlits.

Eiganda skips er heimilt að fela einhverju hinna viðurkenndu flokkunarfélaga eftirlit með smíði skips, enda sé skipið smíðað eftir reglum sem gilda hér á landi.“

f. 1. mgr. 9. gr. um ábyrgð vegna haffæris og lögskipaðra skoðunargerða:

„Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og yfirvélstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.“

i. 17. gr. um óhaffæri skips,

„Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt viðeigandi skírteini eða haffæris skírteini samkvæmt reglum settum samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktta og/eða samnings um Evrópska efnahagssvæðið.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, þar á meðal mengunarvarnabúnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.“

Ennfremur leggur LS til að staflaður k falli ekki undir frumvarpið. LS telur hér vera of langt gengið með því að gera almenna starfsmenn persónulega ábyrga varðandi upplýsingaskyldu. Í stað þess verði lögð áhersla á að í starfslýsingu aðila sem koma að þeim viðfangsefnum, sem kveðið er á um í lögum um eftirlit með skipum, verði skýrt kveðið á um skyldur viðkomandi.

Að öðru leyti en því sem framan greinir telur LS frumvarpið muni gera lög um eftirlit með skipum skilvirkari.

Virðingarfyllt



Axel Helgason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri